

Þingsályktun

um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2007 og nr. 7/2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2007 frá 26. október 2007 og nr. 7/2010 frá 29. janúar 2010, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006, um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/103/EB frá 19. nóvember 2008, um breytingu á tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma að því er varðar setningu rafhlaðna og rafgeyma á markað.

Samþykkt á Alþingi 10. júní 2010.